

- 3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
 3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.
 3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
 3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
 3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiddast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34. 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi 1. des. 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 13. nóvember 1968.

Utánríkisráðuneytið, 18. nóvember 1970.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 53. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 53. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að fella niður verðtoll af flugvélaeldsneyti, tollskrárnúmer 27.10.21 og 27.10.32.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda 1. desember 1970.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 21. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í heinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar: